



# Talnabrunnur

## Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

### Krabbameinsskimanir á Íslandi

Forvarnir gegn krabbameinum eru mikilvægar og álitíð að hægt sé að koma í veg fyrir þriðjung til helming krabbameina, með heilbrigðum lífnaðarháttum í heilnæmu umhverfi sem og með snemmgreiningu. Snemmgreining lýtur annars vegar að fræðslu um einkenni krabbameina (t.d. breytingum á hægðum og þvaglátum, óvenjulegum blæðingum, þykkildum og hnútum, sárum sem ekki gróa og óútskýrðu þyngdartapi) og greiðu aðgengi að heilbrigðisþjónustu og hins vegar snemmgreiningu í gegnum lýðgrundaðar skimanir. Til þess að lýðgrunduð skimun sé réttlæt看leg þarf að uppfylla margvísleg og ströng skilyrði er kemur að vísindalegri þekkingu, skipulagi, framkvæmd og eftirfylgd ([OECD](#)). Lýðgrundaðar krabbameinsskimanir hófust á Íslandi árið 1964 þegar farið var að skima skipulega fyrir leghálskrabbameini. Árið 1988 hófst einnig skipulögð skimun fyrir brjóstakrabbameini og nú er í undirbúningi að hefja skipulega skimun fyrir ristilkrabbameini.

Til þess að skimanir skili sem bestum árangri skiptir regluleg þátttaka einstaklinga í skimunarhópi miklu máli. Viðmið, sem byggja á [evrópskum leiðbeiningum](#), eru um að minnsta kosti 75% kvenna fari í reglubundna krabbameinsskimun. Á Íslandi hefur dregið verulega úr þátttöku kvenna í legháls- og brjóstaskimun á síðustu árum og frá árinu 2016 hefur þátttaka í legháls- og brjóstaskimun undir 70% og þátttaka í brjóstaskimun undir 60%. Í samanburði við hin Norðurlöndin er þátttaka í legháls- og brjóstaskimunum almennt lakari á Íslandi.

Embætti landlæknis hefur skilgreint gæðavísa með það að markmiði að fylgjast með gæðum skimunar fyrir legháls- og brjóstakrabbameini. Vísarnir snúa meðal annars að þátttöku í skimunum, hlutfalli kvenna sem greinist í skimun, greiningar sem koma fram í kjölfar skimana og næmi skimana. Gæðavísarnir eru nú gefnir út í annað sinn í ársskýrslum um legháls- og brjóstaskimanir.


**Birt efni má nálgast á vef embættis landlæknis.**

Upplýsingar um mætingu í skimanir á Íslandi byggja á gögnum úr skimunarskrá sem er gagnagrunnur og upplýsingakerfi haldinn skv. 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Kerfið inniheldur gögn um boð í skimun, mætingu og niðurstöður skimana allra kvenna sem komið hafa í skimanir. Enn fremur styður kerfið við það að senda konum boð í skimun samkvæmt skimunarleiðbeiningum og að senda konum bréf í samræmi við niðurstöður skimunar um hvert framhaldið verður. Núverandi skrá hefur að geyma gögn frá og með árinu 1985 en embætti landlæknis vinnur nú að gerða nýrrar skimunarskráar í nánú samstarfi við hagsmunaraðila sem fyrst um sinn mun innihalda gögn um ristilskimanir en síðar einnig legháls- og brjóstaskimanir.

## Skimun fyrir leghálskrabbameini


Leghálsskrabbamein er eitt algengasta krabbameinið hjá konum á Vesturlöndum þrátt fyrir að bæði nýgengi og dánartíðni vegna þess hafi lækkað umtalsvert á síðustu áratugum. Talið er að lækkunina megi meðal annars rekja til skipulegrar skimunar fyrir meininu en einnig hafa bólusetningar við HPV (e. Human Papilloma Virus) haft áhrif til lækunar á nýgengi. HPV sýking er forsenda frumubreytinga í leghálsi í yfir 99% tilfella og með aukinni þátttöku í bólusetningu gegn HPV er hægt að hefta útbreiðslu veirunnar. Niðurstöður [langtímarannsóknar](#) sem var gerð á Norðurlöndunum á áhrifum HPV bólusetninga gegn leghálskrabbameini og forstigsbreytingum þess sýna að engin bólusett kona í íslenska rannsóknarhópnum hafði greinst með leghálskrabbamein eða alvarlegar forstigsbreytingar af völdum veirunnar (tegund HPV 16/18). Frá árinu 2011 hefur öllum 12 ára stúlkum á Íslandi verið boðin bólusetning og frá haustinu 2023 var 12 ára drengjum einnig boðin bólusetning gegn veirunni. Með bólusetningu drengja er útbreiðsla veirunnar heft enn frekar.

Á Íslandi er konum á aldrinum 23-29 ára boðið í skimun á þriggja ára fresti og konum á aldrinum 30-59 ára á fimm ára fresti (sjá [leiðbeiningar landlæknis](#)). Þrátt fyrir mikilvægi skimunar í greiningu leghálskrabbameins hefur hlutfall kvenna á Íslandi sem mæta í skimun farið lakkandi jafnt og þétt frá árinu 2009, um 62% kvenna mættu í skimun árið 2022 samanborið við 74% árið 2009 (mynd 1).




Mynd 1. Þáttökuhlutfall í leghálsskimun á árunum 2009 til 2022

Þegar hlutfall kvenna sem mætir í leghálsskimun á Norðurlöndunum er skoðað má sjá að dregið hefur úr þáttökuhlutfalli á Íslandi og í Danmörku frá árinu 2011. Á Íslandi fór hlutfallið úr 69% í 65% á þessu 11 ára tímabili og er komið niður í 62% fyrir árið 2022. Í Danmörku lækkaði hlutfallið úr 66% í 59% á sama tímabili. Í Svíþjóð og Finnlandi hefur hins vegar tekist að halda þáttökuhlutfalli yfir 70% og í Finnlandi hækkaði hlutfallið um fjögur prósentustig á fyrrnefndu tímabili. Þáttökuhlutfall á Norðurlöndunum er hærra en meðalþátttaka í OECD löndunum (mynd 2).




Mynd 2. Samanburður á þátttökuhlutfalli í leghálsskimun á Norðurlöndunum (vantar upplýsingar frá Noregi) (Heimild: OECD)

Nokkur munur er á þátttöku kvenna í leghálsskimun eftir aldri. Konur í yngri aldurshópum eru ólíklegri til að mæta í skimun en konur á miðjum aldri en einnig má sjá lakari þátttöku meðal kvenna í eldri aldurshópunum. Þátttaka er best meðal kvenna á aldrinum 30-59 ára. Þegar þátttaka er skoðuð yfir tíma má sjá að mest hefur dregið úr henni meðal kvenna á aldrinum 23-24 ára en þar fór þátttaka úr 54% í 42% á síðustu þrem árum sem er langt undir meðalþátttökuhlutfalli (mynd 3).




Mynd 3. Hlutfall kvenna sem mætir í leghálsskimun eftir aldurshópum

Rannsóknir hafa ítrekað sýnt minni þátttöku kvenna af erlendum uppruna í skimunum. Niðurstöður nýlegrar [yfirlitsrannsóknar](#) leiddu í ljós að aðfluttar konur voru að meðaltali 46% ólíklegri en innfæddar til þess að taka þátt í skimun fyrir leghálsskrabbameini. Svipaðar niðurstöður komu fram í [rannsókn](#) meðal kvenna í Noregi. Þegar þátttökutölur á Íslandi eru greindar eftir uppruna kvenna, eins og hann birtist í ríkisfangi, má sjá sama mynstur og í ofangreindum rannsóknum. Konur með erlent ríkisfang eru mun ólíklegri til að mæta í leghálsskimun en konur með íslenskt ríkisfang. Þegar borin er saman þróun á þátttöku kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang árin 2014-2022 má sjá að hlutfallið lækkar hjá báðum hópum á tímabilinu 2014 til 2016 og lækkar áfram til ársins 2019 hjá konum með erlent ríkisfang. Á árunum 2020 til ársins 2022 má greina aukna þátttöku kvenna með erlent ríkisfang en samdrátt meðal kvenna með íslenskt ríkisfang (mynd 4).



Mynd 4. Hlutfall kvenna sem mætir í leghálsskimun út frá því hvort ríkisfang þeirra er íslenskt eða erlent

Á síðustu árum hefur konum með erlent ríkisfang fjölgað í samfélaginu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu<sup>1</sup>. Árið 2014 voru um 9% kvenna á aldrinum 23-69 ára með erlent ríkisfang en árið 2022 var þetta hlutfall komið upp í 19%. Munur er á aldursamsetningu kvenna eftir því hvort um er að ræða íslenskt eða erlent ríkisfang. Hlutfallslega eru fleiri konur með erlent ríkisfang sem tilheyra yngstu árgöngunum samanborið við þær sem eldri eru. Á hinn bóginn er hlutfall kvenna með íslenskt ríkisfang nokkuð jafnt yfir alla aldursþönnina (mynd 5). Eins og fyrr segir eru yngri konur ólíklegri til að mæta í skimun en þær eldri (mynd 3) og konur með erlent ríkisfang einnig ólíklegri til að mæta í skimun (mynd 4). Það er því mjög brýnt að finna leið til að ná sérstaklega til yngri kvenna með erlent ríkisfang þegar kemur að því að bjóða konum í skimun.




Mynd 5. Aldursamsetning kvenna með íslenskt og erlent ríkisfang<sup>2</sup>

<sup>1</sup>Manntal Hagstofunnar 1. janúar 2021 leiddi í ljós ofmat þjóðskrár á íbúafjölda og munar þar mestu um þá sem flytja af landi brott án þess að tilkynna búferlaflutninga.

<sup>2</sup>Urður Ýr Brynjólfsdóttir (2023). *Leghálsskimanir, nánari greining á mætingu kvenna í leghálsskimun* (óbirt rit). Unnið fyrir embætti landlæknis sem hluti af vettvangsnámi.

Nýgengi leghálskrabbameins hefur lækkað mikið á síðustu áratugum á Norðurlöndunum. Að sama skapi hefur dregið úr dánartíðni. Nýgengi er lægst í Finnlandi og á Íslandi en hæst í Noregi á meðan dánartíðni vegna leghálskrabbameins árið 2021 var nokkuð svipuð á Norðurlöndunum. Í mynd 6 er tilgreind árleg dánartíðni vegna leghálskrabbameins en í fámennu samfélagi eins og því íslenska er æskilegt að skoða meðaltal nokkurra ára vegna tilviljunarkenndra sveiflna.




Mynd 6. Nýgengi og dánartíðni vegna leghálskrabbameins á Norðurlöndum á árunum 1980-2021 (Heimild: *Nordcan*)

## Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið meðal kvenna á Íslandi og hefur nýgengi þess aukist jafnt og þétt síðustu áratugi. Dánartíðni hefur almennt farið lækandi síðustu áratugi en hefur samt sem áður verið heldur hærra á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum allra síðustu ár.


Konum á aldrinum 40-69 ára er boðið í skimun á tveggja ára fresti og frá árinu 2021 hefur konum á aldrinum 70-74 ára verið boðið í skimun á þriggja ára fresti. Dregið hefur úr þátttöku kvenna í skimun um 10% frá árinu 2020 á meðan konum á skimunaráldri hefur fjölgað jafnt og þétt. Aðeins 52% þeirra kvenna sem áttu boð árið 2022, mætti í brjóstaskimun (mynd 7).



\*Frá árinu 2021 hafa konur á aldrinum 70-74 ára fengið boð í skimun


Mynd 7. Þátttökuhlutfall í brjóstaskimun á árunum 2009 til 2022

Pátttaka kvenna í brjóstaskimun er mun lakari á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum en sambærileg við meðalpátttöku í OECD löndunum. Í Danmörku og Finnlandi hefur þátttaka kvenna í brjóstaskimun verið tiltölulega svipuð frá árinu 2011 eða yfir 80%. Í Svíþjóð var þátttakan einnig um 80% á árunum 2019 og 2021. Þátttaka í Noregi hefur verið lakari á síðustu 10 árum en í nágrennaríkjum þess og hefur heldur dregið úr henni en þó ekki eins mikið og á Íslandi (mynd 8). Það er mismunandi eftir löndum hvaða aldurshópar kvenna eru skimaðir. Í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum og Noregi er konum á aldrinum 50-69 ára boðið í skimun á tveggja ára fresti. Á Íslandi og í Svíþjóð er konum á aldrinum 40-74 ára boðið í skimun á 2-3 ára fresti..



Mynd 8. Samanburður á þátttökuhlutfalli í brjóstaskimun meðal kvenna á aldrinum 50-69 ára á Norðurlöndunum (Heimild: [OECD](#))


Mikill munur er á þátttöku í skimun fyrir brjóstakrabbameini eftir aldri en konur á aldrinum 40-44 ára eru ólíklegri til að mæta en konur í eldri aldurshópum. Verulega hefur dregið úr þátttöku kvenna í öllum aldurshópum en þó mest í yngsta aldurshópnum þar sem innan við helmingur tók þátt í brjóstaskimun árið 2022.



Mynd 9. Hlutfall kvenna sem mætir í brjóstaskimun eftir aldurshópum


Niðurstöður [yfirlitsrannsóknar](#) frá 2018 leiddu í ljós að konur í hópi innflytjenda voru að meðaltali 39% ólíklegri til þess að mæta í brjóstaskimun en innfæddar konur. Svipað mynstur má sjá þegar þátttökutölur á Íslandi eru greindar eftir uppruna kvenna eins og hann birtist í ríkisfangi, konur með erlent ríkisfang eru ólíklegri til að mæta í brjóstaskimun en konur með íslenskt ríkisfang. Samanburður á þróun á þátttökuhlutfalli kvenna eftir ríkisfangi á árunum 2014-2022 sýnir að það dró úr þátttöku meðal kvenna með íslenskt ríkisfang fram til ársins 2016 en hún jókst svo aftur til ársins 2020.

Meðal kvenna með erlent ríkisfang dró hins vegar úr þátttöku fram til ársins 2018 en jókst svo um fimm prósentustig til ársins 2020. Í báðum hópum hefur hlutfallið lækkað frá 2020, um sex prósentustig meðal kvenna með erlent ríkisfang og um átta prósentustig meðal kvenna með íslenskt (mynd 10).



Mynd 10. Hlutfall kvenna sem mætir í brjóstaskimun eftir því hvort þær eru með íslenskt eða erlent ríkisfang

Nýgengi brjóstakrabbameins hefur hækkað á síðustu áratugum á Norðurlöndunum en aftur á móti hefur lítilega dregið úr dánartíðni ef á heildina er litið. Í mynd 11 er tilgreind árleg dánartíðni en í fámennu samfélagi eins og því íslenska er æskilegt að skoða meðaltal nokkurra ára vegna tilviljunarkenndra sveiflna.



Mynd 11. Nýgengi og dánartíðni vegna brjóstakrabbameins á Norðurlöndum á árunum 1980-2021 (Heimild: [Nordcan](#))

## Að lokum

Verulega hefur dregið úr þátttöku kvenna í legháls- og brjóstaskimun á Íslandi á síðustu árum og í báðum tilvikum er þátttaka nú undir þeim viðmiðum sem OECD hefur sett. Konur í hópi innflytjenda<sup>3</sup>, um allan heim, mæta síður í skimun fyrir leghálskrabbameini og brjóstakrabbameini og þannig er staðan einnig á Íslandi. Það þýðir að konur með erlendan bakgrunn eru í meiri áhættu á að greinast seint með krabbamein í brjóstum eða leghálsi. Vísbendingar eru þó um að mæting í leghálskimun fari batnandi. Kostnaður er þekkt hindrun fyrir þátttöku í skimunum og hér á landi er nokkur kostnaður við að fara í brjóstaskimun (um 6.000 kr.) samanborið við að fara í leghálskimun á heilsugæslustöð (500 kr.). Það mætti því skoða hvort lækun þáttökugjalds í brjóstaskimun myndi bæta þátttöku. Brýnt er að horfa til þessara niðurstaða og reyna að finna leiðir til þess að ná betur til kvenna, sérstaklega kvenna með erlent ríkisfang og að aðlaga þjónustu að þessum hópi.

**Guðný Bergþóra Tryggvadóttir**  
**Sigríður Haraldsd. Elínardóttir**

| Efni                            | Bls. | Ritstjórn                                                                                                    | Embætti landlæknis                                                                             |
|---------------------------------|------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Skimun fyrir leghálskrabbameini | 1    | Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri<br>Sigríður Haraldsd. Elínardóttir, ábm.<br>Hildur Björk Sigbjörnsdóttir | Katrínartúni 2<br>105 Reykjavík<br>S. 510 1900<br>mottaka@landlaeknir.is<br>www.landlaeknir.is |
| Skimun fyrir brjóstakrabbameini | 5    |                                                                                                              |                                                                                                |

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið

<sup>3</sup> Mannatal Hagstofunnar 1. janúar 2021 leiddi í ljós ofmat þjóðskrár á íbúafjölda og munar þar mestu um þá sem flytja af landi brott án þess að tilkynna búferlaflutninga.